

1. kafli: Félagsfræðin

Hugtök

Félagsfræðilegt innsæi

Stöðugleiki

Hreyfiafl

Megindleg rannsóknarhefð

Eigindleg rannsóknarhefð

Hlutlægni

Kenning

Yfirlýst virkni

Dulin virkni

Skaðvirkni

Átök

Stéttir

Hagsmunahópar

1. kafli: Félagsfræðin

Spurningar sem nemendur eiga að geta svarað eftir að hafa lesið kaflann:

1. Útskýrðu félagsfræðilegt innsæi.
2. Hvað er félagsfræði?
3. Hvað eru vísindi?
4. Hver er munurinn á raunvísindum og félagsfræði?
5. Hverjar eru helstu greinar samfélagsfræðinnar og hver er munurinn á sjónarhorni þeirra?
6. Hverjir eru helstu brautryðjendur félagsfræðinnar og hver eru aðalatriði kenninga þeirra?
7. Hvaða þjóðfélagslegu breytingar urðu þess valdandi að félagsfræðin kom fram sem vísindagrein?
8. Hvað er samvirknikenning? Hvernig skýrir hún fjölskylduna og ríkisvaldið? Hver er lykilspurning hennar og helstu hugtök?
9. Hvað er átakakenning? Hvernig skýrir hún fjölskylduna og ríkisvaldið? Hver er lykilspurning hennar og helstu hugtök?

1. kafli: Félagsfræðin

Verkefni:

1. Kynntu þér aðrar greinar samfélagsfræðinnar. Hver er munurinn á milli þeirra og félagsfræðinnar?
2. Aflaðu þér upplýsinga um háskólanám í ákveðinni grein samfélagsfræða og kynntu niðurstöðurnar fyrir öðrum nemendum.
3. Kynntu þér samfélagið eins og það var þegar Marx og Durkheim komu fram með kenningar sínar.
4. Kynntu þér skáldsögur Charles Dickens og athugaðu hvernig aðstæðum barna og unglunga er lýst við upphaf iðnvæðingar þegar félagsfræðin kom fram sem vísindagrein.
5. Skoðaðu busadaginn út frá samvirkni kenningum. Hvaða tilgangi þjónar busadagurinn fyrir nemandann og skólasamfélagið í tilteknum framhaldsskóla? Hver er yfirlýst virkni hans? Hver er dulin virkni hans? Hver er skaðvirkni hans? Hvernig tengist hún hugtökunum félagsmótun og félagslegt taumhald? Rökstyddu mál þitt með vísan til textans í kennslubókinni.
6. Skoðaðu rapptónlist út frá áttakakenningum. Hverjir eiga hagsmuna að gæta gagnvart rapptónlist hér á landi? Hvaða hópar takast á? Um hvaða hagsmuni er að ræða? Hvaða hugmyndafræði er í gangi?
7. Rökstyddu mál þitt með vísan til textans í kennslubókinni.